

Lánssamningur

- Lántaki samþykkir hér með lánssamning þennan sem gerður er í íslenskum krónum fyrir milligöngu Aktiva lausna ehf., kt. 600214-1600 (hér eftir nefnt rekstraraðili). Rekstraraðili hefur, fyrir hönd lánveitanda, milligöngu um lánveitingu og innheimtu. Með rafrænni undirritun sinni samþykkir lántaki eftirfarandi:

1.1. Tilvísunarnúmer á notandaaðgangi lántaka	
1.2. Nafn og kennitala lántaka	,
1.3. Tilvísunarnúmer láns	
1.4. Höfuðstóll láns	
1.5. Lánskjör	
1.6. Heildarvextir	
1.7. Fjöldi afborgana	
1.8. Gjaldldagi endurgreiðslna	5 dagar fyrir eindaga
1.9. Gjaldldagi fyrstu endurgreiðslu	
1.10. Lántökugjald	
1.11. Árleg hlutfallstala kostnaðar	
1.12. Eindagi endurgreiðslna	1. dagur hvers mánaðar

2. Lántaki skuldbindur sig hér með og ábyrgist að:

- allar persónuupplýsingar og aðrar upplýsingar lagðar fram af lántaka þegar sótt er um lán og upplýsingar um tilgang viðkomandi láns séu réttar. Lántaki er ábyrgur vegna tjóns sem kann að verða vegna rangra upplýsinga;
- hann sé ekki í vanskilum með áður tekin lán fyrir milligöngu rekstraraðila;
- hann sé endanlegur réttthafi lánsins;
- hann sé eldri en 21 árs og fjárráða, sbr. ákvæði í notendaskilmálum;

2.5. hann geri sér grein fyrir að lánið sem sótt er um er skuldbindandi og að lántaki þurfi að endurgreiða lánið auk vaxta og kostnaðar samkvæmt lánssamningnum. Sjá má fjárhæðir endurgreiðslu á meðfylgjandi greiðsluáætlun;

2.6. fjárhagsleg staða lántaka geri honum kleift að uppfylla skilyrði lánssamningsins;

2.7. hann gefi rekstraraðila fullt samþykki til afla upplýsinga m.a. um lánshæfi sitt hjá Creditinfo sbr. ákvæði í notendaskilmálum.

2.8. hann hafi lesið og skilið notendaskilmála rekstraraðila og lánssamninginn.

3. Notendaskilmálar rekstraraðila eru óaðskiljanlegur hluti lánssamnings þessa.

Almennir skilmálar lánssamnings

1. SKILGREININGAR

1.1. Hugtök notuð í lánssamningi þessum eru skilgreind í notendaskilmálum rekstraraðila, sem eru órjúfanlegur hluti samningsins

2. GILDISTAKA LÁNSSAMNINGS

2.1. Lánssamningur þessi er lagalega bindandi og telst vera kominn á milli lántaka og lánveitanda fyrir milligöngu rekstraraðila, frá þeim degi sem lánssamningurinn er undirritaður af lántaka með rafrænni undirritun.

3. ÁBYRGÐ LÁNTAKA

3.1. Lántaki ábyrgist og staðfestir að persónuupplýsingarnar sem lagðar voru fram af honum þegar sótt var um lán og að allar upplýsingarnar sem fram koma í lánsúmsókn séu réttar. Lántaki skilur að rekstraraðili getur, fyrir hönd lánveitanda, fallið frá lánveitingu og krafist endurgreiðslu á höfuðstól, vöxtum og kostnaði ef lántaki hefur gefið rangar upplýsingar í lánsúmsókn.

4. MILLIFÆRSLA LÁNSFJÁRHÆÐAR

4.1. Rekstraraðili greiðir höfuðstól láns, að umsýslugjöldum frádregnum, á fyrirfram skilgreindan viðskiptareikning lántaka þegar kominn er á bindandi lánssamningur. Þar með telst rekstraraðili hafa uppfyllt lánssamninginn.

4.2. Með rafrænni undirritun lánssamningsins samþykkir lántaki að greiða rekstraraðila, sem hefur milligöngu um innheimtu fyrir hönd lánveitanda, lánsfjárhæðina ásamt vöxtum og öðrum kostnaði.

5. RÉTTUR LÁNTAKA TIL AÐ FALLA FRÁ SAMNINGI

5.1. Lántaki hefur 14 almanaksdaga til að falla frá lánssamningi án þess að tilgreina ástæðu. Fresturinn hefst þann dag sem lánssamningur er undirritaður.

5.2. Ef lántaki nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi skal hann tilkynna rekstraraðila það með sannanlegum hætti. Fresturinn telst vera virtur ef tilkynning er send rekstraraðila áður en fresturinn rennur út, á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem rekstraraðili hefur aðgang að, svo sem á tölvupóstfangið aktiva@aktiva.is.

5.3. Falli lántaki frá lánssamningi innan ofangreindra tímamarka skal hann greiða rekstraraðila höfuðstól láns, áfallna vexti og verðbætur, sé um slíkt að ræða, frá því lánsfjárhæðin var greidd lántaka og til þess dags þegar endurgreiðsla á sér stað, án óþarfa tafa og eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir að hann sendi tilkynningu um að hann hyggist falla frá samningi. Reikna skal vexti á grundvelli þeirra útlánsvaxta sem samningur kveður á um.

6. ENDURGREIÐSLA LÁNS OG VANSKIL

6.1. Lánssamningur þessi ber ofangreinda vexti. Vextir verða hluti af hverri greiðslu höfuðstóls svo sem nánar greinir í greiðsluáætlun. Vextirnir reiknast daglega og notast er við reikniregluna fjöldi daga í mánuði og 365/366 dagar í ári (ACT/ACT). Aðeins eru greiddir vextir fyrir það tímabil sem fjármunirnir eru notaðir, til dæmis frá þeim sem lánsfjárhæðin er færð yfir á bankareikning lántakana.

6.2. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða rekstraraðila, sem hefur milligöngu um innheimtu láns, höfuðstól láns ásamt vöxtum og kostnaði. Gjaldþagi afborgana er 25. hvers mánaðar og eindagi 1. dag næsta mánaðar á eftir.

6.3. Rekstraraðili mun stofna kröfu í netabanka lántaka fyrir hvern gjaldþaga láns ásamt vöxtum og kostnaði.

6.4. Greiði lántaki ekki afborgun, vexti og kostnað af láni á eindaga reiknast vanskilavextir eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá gjaldþaga til greiðsludags.

6.5. Rekstraraðili áskilur sér rétt til að krefja lántaka um útlagðan kostnað og gjöld sem rekstraraðili verður fyrir við innheimtu gjaldfallinnar skuldar. Við innheimtu krafna er farið eftir innheimtulögum nr. 95/2008 og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009.

6.6. Lántaki sem er í vanskilum veitir rekstraraðila heimild til að óska skráningar á vanskilaskrá Lánstrausts hafi vanskil verið viðvarandi í að minnsta kosti 40 daga frá eindaga, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

6.7. Greiði lántaki ekki afborgun af láni á eindaga verður skuldin send í frekari innheimtu sem hefur í för með sér stórauðinn kostnað fyrir lántaka.

6.8. Hafi lántaki ekki staðið við endurgreiðslu láns samkvæmt greiðsluáætlun, meira en þrjú mánuðir eru liðnir frá eindaga elstu vanskilagreiðslu og ekki hefur verið samið um greiðslu á vanskilum, verður lánið gjaldfellt. Við gjaldfellingu ber lántaka að endurgreiða eftirstöðvar láns auk vaxta og kostnaðar.

7. UPPGREIÐSLA LÁNS

7.1. Lántaka er hvenær sem er heimilt að greiða lán að fullu án uppgreiðslugjalds. Lántaki skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða uppgreiðslu með tveggja virkra daga fyrirvara.

7.2. Rekstraraðili mun stofna kröfu í netbanka lántaka fyrir eftirstöðvum láns auk vaxta og kostnaðar.

8. TILKYNNINGAR

8.1. Lántaki skal tafarlaust tilkynna rekstraraðila um allar breytingar á persónulegum högum sínum.

8.2. Senda skal tilkynningu um allar breytingar skriflega á netfangið aktiva@aktiva.is.

9. GREIÐSLUÞJÓNUSTA

9.1. Íslandsbanki hf. sér um alla greiðsluþjónustu fyrir hönd Aktiva lausna ehf. vegna lánsins skv. 4. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.

10. LOKAÁKVÆÐI

10.1. Aðilar eru sammála um að reyna að jafna ágreining sem kann að rísa í tengslum við efni samnings, efndir hans eða annað, sína á milli. Takist það ekki má leggja ágreining þar að lútandi fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Um samning aðila gilda íslensk lög.

Afborgun	Gjalddagi	Eindagi	Útstandandi höfuðstóll	Afborgun	Vextir	Afgreiðslugjald	Greiðsla